

## Dómsorð:

Ákærði, Kristján Rósant Þorvarðsson, sæti varðhaldi 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingar, og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-arlaun Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 12. apríl 1967.

Nr. 51/1967.

**Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Jóni Árnasyni**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málf lutningslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.

## Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Árnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr.

6.000.00, og laun verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. janúar 1967.**

Ár 1967, mánudaginn 30. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 22/1967: Ákærvaldið gegn Jóni Árnasyni, sem tekið var til dóms 26. þ. m.

Málið er höfðað skv. ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 3. þ. m., á hendur Jóni Árnasyni, Þingholtsstræti 8 í Reykjavík, fæddum þar í borg 30. júní 1941, fyrir að stela í fyrri hluta nóvembermánaðar 1966 úr geymsluhúsi við vinnuhælið á Litla-Hrauni, Eyrarbakka, utanborðsmótor frá björgunarbáti Slysavarnadeildarinnar Bjargar á Eyrarbakka.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærur og refsingum, sem hér segir:

1957 18/6 í Reykjavík: Áminning fyrir ógætilegan akstur.

1957 1/8 í Reykjavík: Kærður fyrir þjófnað. Ákæru frestað í 3 ár. Háður eftirliti.

1958 12/11 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1959 27/2 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 1. gr. reglugerðar nr. 128/1914.

1959 13/11 í Reykjavík: Dómur. 1.500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á umferðarlögum.

1960 18/3 í Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1963 14/3 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1963 13/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1964 18/4 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 261. gr. hegningarlaga.

1965 3/2 í Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. og 244. gr. hegningarlaga.

- 1965 5/4 í Reykjavík: Dómur 1 mánaðar fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 254. gr., sbr. 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).
- 1966 5/10 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu:

Síðastliðið sumar var ákærði, Jón Árnason, að afplána refsisdóma á vinnuhælinu að Litla-Hrauni í Árnassýslu. Í geymsluhúsi, sem er við vinnuhælið, var geymdur utanborðsmótor frá björgunarbáti Slysavarnaeildarinnar Bjargar að Eyrarbakka. Kveðst ákærði hafa komið auga á mótorinn, á meðan á refsivist hans stóð. Einhvern tíma fyrri partinn í nóvember s.l., þegar ákærði hafði losnað af vinnuhælinu, kveður hann sér hafa dottið í hug að fara austur og slá eign sinni á mótorinn. Fékk hann sér bifreið á bifreiðaleigu og ók austur að Litla-Hrauni. Ákærði komst greiðlega að geymsluhúsinu á bifreiðinni. Tók hann þar mótorinn ásamt benzíngeymi, er honum fylgdi, og setti í bifreiðina. Ók hann að því búnu til Reykjavíkur, en síðan suður á Krýsuvíkurveg og faldi mótorinn í hraungjótu við veginn. Mótorinn kom þar í leitirnar, eftir að upp komst um atferli ákærða, og var skilað til eiganda. Mótorinn, sem er frá árinu 1963, kostaði kr. 23.000.00, er hann var keyptur.

Framangreint atferli ákærða er sannað með játningu hans og öðrum gögnum í máli þessu. Hefur ákærði með því orðið brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi með hliðsjón af sakavottorði hans.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Jón Árnason, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.